

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar fyrir Óseyrarbraut 12b.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. ágúst 2026 breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar fyrir Óseyrarbraut 12b. Breytingin felst í að skipta lóðinni Óseyrarbraut 12B í tvær lóðir, annars vegar Óseyrarbraut 12B og hins vegar Óseyrarbraut 12C. Byggingarreitur var heill og óskiptur en verður tvískiptur við þessa breytingu, einn fyrir hvora lóð fyrir sig.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi, miðbær – Hraun, vestur vegna Álfaskeiðs 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. ágúst 2026 breyting á deiliskipulaginu miðbær – Hraun, vestur vegna Álfaskeiðs 16. Breytingin felst í aukningu byggingarmagns úr 300 m² í 393 m² og nýtingarhlutfall er hækkað á lóðinni úr 0,23 í 0,31 í samræmi við samþykktu aðaluppdrætti.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. ágúst 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Aleksandra Wegrzyniak þjónustufulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 28. ágúst 2026